



Fréttabréf

Desember 2010 - www.fia.is

Viðtakandi

Kjarasamningar:

Skrifað undir kjarasamning við flugfélagið Erni

Samningaviðræðum við flugfélagið Erni laun nú á haustmánuðum þegar skrifað var undir nýjan samning þann 11. nóvember s.l.

Nýr samningur gildir út árið 2011 og er þetta líklega með fyrstu kjarasamningum á vinnumarkaðnum sem gilda út árið 2011, ef ekki sá fyrsti.

Í kjölfar undirritunar fór samningurinn í atkvæðagreiðslu félagsmanna og var samþykktur með ágætum meirihluta. Samningurinn inniheldur hagráðingaratriði fyrir báða aðila en sú nýlunda er í honum að laun eru tengd vísitölu neysluverðs en töluvert langt er síðan slíkt ákvæði sást í kjarasamningi á Íslandi.



Starfsfólk og stjórn FÍÁ

óskar félagsmönnum

sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

og farsældar á komandi árum.

Samningatækni-
námskeið IFALPA
bls 2

Verkefni
framundan
bls 3

NTF
deildarfundur
bls 4

Forsetinn
og FÍÁ
bls 6

Sjúkrasjóður
FÍÁ
bls 7

EASA
breytir reglum
bls 8

Samningatækninámskeið IFALPA

Dagana 2 - 4. desember sl. var haldið námskeið á vegum IFALPA um samningatækni í Hollandi. Undirritaður var einn þeirra 10 þáttakenda sem FÍA sendi til Amsterdam, þar sem námskeiðið fór fram í höfuðstöðvum VNV.

Námskeið þessi hafa verið haldin víðs vegar um heim á undanförunum árum, þar á meðal hér á landi. Leiðbeinendur eru öll reynslumikil af samningagerð og þekkja vel til rekstrarumhverfis flugfélaga.

Kennsluefnið er víðfemt og miðast við samningagerð á háu stigi. Þannig er farið yfir lagalegt umhverfi, efnahagsástand, rekstrarlega greiningu, sameiningu félaga, samskiptamáta og hlutverk stéttarfélaganna í samningaviðræðum, svo eitthvað sé nefnt.

Ennfremur er reifuð sú aðstoð sem IFALPA veitir aðildarfélögum sínum við samningagerð sé hennar óskað.

Töluverð hópavinna fer fram á námskeiðinu og undir lokin er þáttakendum skipt í hópa sem launþegar eða vinnuveitendur. Þá er sest við samningaborðið undir vökulum augum leiðbeinenda og sett er á svið lokahrin-



an í kjaraviðræðum hins rötgróna en framsækna þýska „flugfélags“ Flugair.

Aðilum er þar ætlað að ná saman á 5 klst. að öðrum kosti skellur á verkfall.

Það var samdóma álit okkar allra að

námskeiðið hafi verið afar fróðlegt og lærdómsríkt og kunnum við FÍA bestu þakkir fyrir. Vafalítið mun þessi undirbúningur koma að góðum notum við þær kjaraviðræður sem framundan eru. -HBO-



Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Kjartan Jónsson
kj@fia.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Boeing
Pétur P. Johnson

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

Desember 2010

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er óheimil nema að heimilda sé getið.

Loftgæði í flugvélum

FÍA í GCAQE



FÍA hefur nú gengið í félagið „Global Cabin Air Quality Executive“, GCAQE, sem eru hagsmunasamtök aðila í flugheiminum og stunda rannsóknir á gæðum lofts í jafnþrýstum flugvélum.

Félagið hefur gefið út gríðarmikla handbók, Aviation Contaminated Air

reference Manual sem Susan Michaelis tók saman. Hægt er að koma á skrifstofu FÍA og fá að líta í þá bók ef áhugi er fyrir hendi. Það var að tillögu heilsu- og vinnuverndarnefndar að FÍA gekk í þetta félag og eru loftgæði hluti af þeim málum sem nefndin hefur verið að skoða síðasta misseri.

Formaður skrifar um starfsemi FÍA: Verkefnið núna og framundan



Franz Ploder,
formaður FÍA
skrifar

- kjarasamningar lausir innan tíðar

Góðir félagar, það er til síðs að líta yfir farinn veg þegar nær dregur jólum og áramótum.

Oftast reynum við að finna eitthvað sem vel hefur gengið á árinu, svona til að fullvissa sig um að ekki hafi verið til einskis unnið. Þegar núverandi stjórn tók við í febrúar var mikil óvissa um atvinnu margra flugmanna og afkomu flugfélaga. Í raun var ekkert víst að þeir flugrekendur sem við þekkjum myndu halda áfram rekstri í sömu mynd og áður.

Staða flugfélaga er tekin að skýrast talsvert, Atlanta (AAI) virðist vera að rétta úr kútnum, þar eru stóraukin verkefni sem hafa tryggt FÍA mönnum þar áframhaldandi störf. Við FÍA flugmenn hjá AAI lögðumst á árar með eigendum AAI þegar illa gekk og hjálpuðum fyrirtækinu í mjög umfangsmiklum þjálfunum tengdum fleiri verkefnum. Nú er ekki ólíklegt að flugmenn AAI vilji fá að njóta betri afkomu fyrirtækisins. Komandi kjarasamningar munu vonandi leiða þetta í ljós.

Þær deilur sem FÍA hefur staðið í við AAI vegna flugs til Afganistan, snúast um að flugmenn telja ekki nægt öryggi tryggt á og við flugvöllinn í Bagram. Við höfum beðið eftir staðfestingu frá FMS um að flug þangað sé samkvæmt FOM AAI, en ekki fengið. Vona ég innilega að úr þessu leysist hið fyrsta en auðvitað stendur FÍA á bak við sína félagsmenn. Ef menn vilja ekki fljúga til Bagram vegna stöðu öryggismála þar, þá er það svo.

Icelandair hefur verið mikið í fréttum á árinu jafnt vegna endurfjármögnunar og samskipta við flugmenn. Þar ber hæst gríðarleg óánægja flugmanna með hvernig staðið er að endurráðningum og uppsögnum flugmanna. Þetta kom berlega í ljós í starfsmannakönnun sem var gerð í haust. FÍA barðist fyrir því að tekið væri fyrir "framlengingar" í einn og einn mánuð í senn, þegar hringt er í flugmenn með viku fyrirvara eða skemur og þeim boðin vinna í einn



mánuð í viðbót. Við hjá FÍA viljum meina að samningurinn geri aðeins ráð fyrir 3 mánuðum að lágmarki sem er jú uppsagnarfresturinn. Á þessu fannst sú lausn að félagið og FÍA kæmu sér saman um hver þörfin væri. Eftir þetta samkomulag hefur, í bili að minnsta kosti, verið sátt um þetta.

Nú þegar sumarætlun liggur fyrir, reynir aftur á þetta samkomulag, ég vona innilega að sátt náist um hvernig verur staðið að ráðningum og óumflýjanlegum uppsögnum í haust.

Landhelgisgæslan stóð í ströngu í vor og raunar allt þetta ár. Eldgos, útrás og kjarasamningar. Þegar allt kom til alls þá vann þetta allt vel saman og LHG á þakki skildar fyrir gott samstarf við lausn ótrúlegustu uppákomum. Ásættanlegir samningar við mjög erfiðar aðstæður, standa þó uppúr. Þeir sýna að samstaða er algjört lykilatriði í svona málum, mættu fleiri félagar taka sér Gæsluflugmenn sér til fyrirmyndar.

Flugfélag Íslands hefur ekki verið mikið áberandi í fréttum þar hefur ekki tekist að ráða aftur þá flugmenn sem urðu kreppunni að bráð, minnkandi umferð er staðreynd, ekki óeðlilegt þegar áætlunarstöðum fækkar. Enn þá verða til ný tækifæri og FÍA hefur haslað sér enn stærri völl á Grænlandi og við vonum að framhald verði á því. Nú er svo komið að FÍA flýgur á fleiri staði á Grænlandi en á Íslandi.

Ernir, Norlandair og Mýflug hafa að sumu leyti tekið við af FÍA í innanlandsflugi og með ríkisstyrkjum tekst þeim að halda uppi flugi á marga staði og gengur ágætlega. Norlandair er í annari stöðu enn aðrir með umfangsmikinn rekstur á Twin Otter í Grænlandi á sumrin. Það má geta þess að Ernir hafa skrifað undir kjarasamning við FÍA sem gildir út 2011. Í honum eru verðtryggingarákvæði sem hafa ekki sést í samningum í langan tíma. Samningar við Norlandair og Mýflug eru enn eftir.

Samningum við flugsólann Keili er nýlukið, við væntum þess að aðrir skólar fylgi fordæmi Keilismanna fljótlega.

Eitt stendur upp úr á liðnu ári. Það sannast aftur og að samstaða flugmanna er það eina sem dugar í baráttunni fyrir betri kjörum og starfsumhverfi. Endalausar árásir flugrekenda á okkar kjör og réttindi herðast á hverju ári.

Nú síðast eru það hugmyndir EASA um breytingar á flug og vaktíma hámarkum. Þessar tillögur eru algjörlega óásættanlegar og í engu samræmi við niðurstöður vísindanefndar Evrópusambandsins um flug og vaktímareglur.

Það merkilega er að FAA er líka að endurskoða sínar reglur og þeirra tillögur eru mun nær og stundum jafnvel meira takmarkandi en tillögur vísindanefndarinnar. EASA sem flugmálastjórn Evrópu er augljóslega leiksoppur "lobbyisma" eigenda flugfélaga sem vinna að því leynt og ljóst í skjóli „hagræðingar og nútímavæðingar“ að eyðileggja þann árangur sem þó hefur náðst í flugöryggi í heiminum. Flugmenn eru þeir sem mestan hag hafa auknu öryggi í flugi og þessar tillögur EASA ganga í þveröfuga átt en stefnt hefur í sl. 70 ár.

Ég vil óska félagsmönnum FÍA og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

Franzi

NTF – deildarfundur

Haldinn dagana, 18.-19. nóvember 2010

Fundinn sóttu um 20 manns frá Norðurlöndunum og voru ýmis mál á dagskrá m.a. :

- Tema fundarins: Ný tegund flugrekenda í flugbransanum, (Nye aktörer i branchen).
- Vinnuáætlun næsta árs, (Sektionens verksamhetsplan 2011).
- Skýrslur vinnuhópa, (Rapporter fra arbeidsgrupper).
- Gestur frá SAS – skýrsla.
- Skýrslur frá aðildarfélögum, (Rapporter från förbunden).
- NTF, ETF, ITF.
- Ýmislegt efni, (Övriga frågor).
- Næstu fundir, (Næste sektionsmöde, tid og sted).

TEMA:

Haldinn var sérstakur fyrirlestur um Ryan Air, en félagið mun vera komið með starfsstöð í Rygge í Noregi. Samtals um 60 norskir áhafnarmedlimir (flugmenn og flugfreyjur) eru á samning(kontrakt) við félagið en stéttarfélagin berjast við að fá Ryan Air til að gera kjarasamning við starfsfólkið. Eins vilja stéttarfélagin fá að vita hvaða lög og reglugerðir eigi við um vinnu starfsfólksins þegar svo háttar til sem þarna að norskt starfsfólk, búsett í Noregi, með atvinnuleyfi í Noregi og með norskan ríkisborgararétt, er í vinnu hjá erlendu atvinnufyrirtæki með starfsleyfi sitt í sínu landi.

Svarið sem er komið hljóðar svo: “ Starfsfólk, sem ráðið er til vinnu hjá erlendu fyrirtæki, verður að beygja sig undir réttarreglur um vinnu þess í landi fyrirtækisins”, sem sagt – norsk vinnulöggjöf gildir ekki um vinnu starfsfólksins.

Þessu eru stéttarfélagin alveg ósammála og er hart deilt um málið.

Þá var bent á að t.d. Norwegian væri með 3 tegundir af ráðningarsamningum



við flugfólk og verið væri að skoða það mál alveg sérstaklega. Einnig var nefnt að hjá sumum flugflögum færi flugfólk af hefðbundnum kjarasamningum í launalaus frí til þess að ráða sig síðan aftur í sama starf hjá sama fyrirtæki en nú sem verktakar.

VINNUÁÆTLUN ÁRIÐ 2011:

Stjórn flugdeildar NTF skal fylgjast vel með störfum EWC í samvinnu við ETF.

Áfram skal unnið að því, að starfsfólk, sem vinnur við flug, fái faglega menntun og þjálfun, þannig að það standist lágmarkskröfur (minimum standard). En þetta starf er liður í að ná því marki að starfsfólk við flug verði skírteinisskyt. Allt miðar þetta að auknu almennu flugöryggi.

Vinnuhópur vinnur stöðugt að því að kortleggja baráttuna gegn félagslegum undirboðum.

Sérstakur vinnuhópur sér um þann málaflokk sem nefna má umhverfismál. Innifalið í því starfi er að fylgjast

grannt með hvaða þættir í vinnuumhverfinu geti haft heilsuspillandi áhrif, hvort sem er innan eða utan flugvélar, t.d. loftmengun.

Stefnt skal að því að fá hámarksþyngd farangurs lækkaða.

Fylgjast vel með þróun mála hjá ESB hvað varðar O og Q- kafla EU-OPS um flug- vakt- og hvíldartíma- reglur flugáhafna.

Fylgja því eftir að ávallt þegar deildarfundir eru haldnir velji gestgjafalandið sérstakt “TEMA “ fundarins og haldinn sé fyrirlestur um það á fundinum.

SKÝRSLUR :

Aðildarfélögin gáfu gaf skýrslu um gang mála hjá sér – ekki er efni til að nefna það allt hér .

GESTAFYRIRLESARI FRÁ SAS:

Stein Bemer, Vice President Commercial, hélt ágætan fyrirlestur um það, hvernig SAS hefur hugsað sér að komast út úr kreppunni og búa sig undir framtíðina.

Þetta má kynna betur síðar.

Varðandi samstarfið milli NTF, ETF og ITF er það að segja að menn vilja auka það og efla og sífellt fleiri, sem að þessum málum koma, benda á nauðsyn þess að menn skiptist á upplýsingum og ábendingum svo allir séu ekki að finna upp hjólið.

Eins og félagsmenn vita hefur FÍA nú sótt um beina aðild að ITF og lenda þar í góðum félagsskap eins og t.d. ALPA og ástralska ALPA, sem sótti um beina aðild síðast liðið sumar.

Ákveðið var á fundinum að næsti deildarfundur yrði haldinn á Íslandi, þann 10. maí 2011.

Fulltrúar FÍA í NTF
Kjartan Norðdahl og Bjarni Berg .

Nýr bæklingur

ECA hefur nú gefið út nýjan kynningarbækling um það sem samtökin hafa uppá að bjóða. Hér má sjá síður úr honum en hlutverk hans er að laða að fleiri aðildarfélög til að efla samtökin enn frekar.



European Cockpit Association



'Piloting Safety'

The Voice of European Pilots

The European Voice of 

European Cockpit Association

Who are we?

We are the European voice of pilots. We provide operational expertise to EU decision-makers and help shape aviation legislation.

Our mission statement: *"The European Cockpit Association represents the collective interests of its Member Associations at European level, striving for the highest levels of **aviation safety** and fostering **social rights** and **quality employment** for pilots in Europe."*

European pilots strive for:

- Highest flight safety standards
- Strong EU safety legislation
- Effective safety oversight

We promote:

- Highest training standards for pilots
- Uniform safety rules for air operations
- Independent accident investigations
- Single & safe EU air traffic management
- Effective & targeted security measures

Our Members

ACA Austria	VC Germany	POLALPA Poland
ALPAB Bosnia and Herzegovina	HALPA Greece	APPLA Portugal
BeCA Belgium	HUNALPA Hungary	ROALPU Romania
BUL-ALPA Bulgaria	FIA Iceland	CPAR Russia
CRO-ALPA Croatia	IALPA Ireland	SCA Serbia
PALPU Cyprus	IPA Italy	ALPA-SL Slovenia
CZALPA Czech Republic	PTUL Latvia	SEPLA Spain
DALPA Denmark	LIT-ALPA Lithuania	SPF Sweden
Estonian ALPA Estonia	ALPL Luxembourg	Aeropers-Swissalpa Switzerland
FPA Finland	ALPA-FYROM Macedonia	TALPA Turkey
SNPL-France ALPA France	ALPA-M Malta	UALPA Ukraine
Georgian ALPA Georgia	MonALPA Montenegro	BALPA United Kingdom
	VNV The Netherlands	
	NF Norway	

European Cockpit Association

ECA Quick Facts

- Created in **1991**
- **38,650** European Pilots in **38** Member Associations
- European Body of the International Federation of Air Line Pilots' Associations (**IFALPA**)
- **7** Executive Board Directors
- **8** Staff members working in Brussels
- **100+** pilot experts working with us





www.eurocockpit.be

Email: eca@eurocockpit.be

Tel: +32 2 705 32 93 / Fax: +32 2 705 08 77

Skrifstofa FÍA

Nýtt símkerfi



FÍA hefur nú fjárfest í nýju IP símkerfi en áður var félagið með kerfi á leigu. Tilgangurinn með þessari framkvæmd er sparnaður. Nýja kerfið býður þó upp á margt nýtt og þar á meðal er það tengt við Skype.

Félagsmenn og aðrir geta því hringt frítt til skrifstofu FÍA með því að hringja á Skype í fía-iceland og er þá eins og um venjulegt símtal sé að ræða, hægt er að senda það á milli skrifstofa, setja það á bið og þess háttar.

Forsetaembættinu færð saga FÍA að gjöf



Nú á haustdögum fóru formaður og framkvæmdastjóri FÍA á fund hr. Ólafs Ragnars Grímssonar í þeim tilgangi að færa forsetaembættinu sögu FÍA að gjöf í þakklætisskyni fyrir höfðinglegar móttökur síðastliðið sumar þegar embættið tók á móti forsvarsmönnum

ECA í tengslum við ECA ráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík.

Vel var tekið á móti FÍA mönnum og bókinni sýndur mikinn áhugi, ekki spillti gott kaffi og pönnukökur á Bessastöðum.

Skírteinistryggingar frá HISCOX



FÍA hefur til margra ára boðið félagsmönnum sínum skírteinistryggingar frá Hiscox, sem er leiðandi félag í þessum tryggingum.

Nú hefur TMI að Siðumúla 21 tekið við veitingu þessarar þjónustu

Frekari upplýsingar veitir Davíð Jónsson,
david@tmi.is og gsm 820-2142

Allt á einum stað!

TMÍ sinnir að sjálfsgöðu öllum tryggingarþörfum þínum, t.a.m allar persónu- og skaðatryggingar frá úrvali íslenskra og erlendra tryggingarféлага.

Sjá nánar á www.tmi.is



Siðumúla 21, 109 Reykjavík. Sími: 553 66 88.
Símbréf: 581 1805. Tölvupóstur: tmi@tmi.is

Sjúkrasjóður FÍA

Átt þú rétt á styrk úr sjúkrasjóði?

Sjúkrasjóður FÍA hefur nýverið greitt út um 28 milljónir króna til félagsmanna, en það er gert samkvæmt lögum sjóðsins og skiptist á milli félagsmanna eftir því hvað þeir hafa greitt inn í sjóðinn síðasta árið.

Félagsmenn fá þennan styrk árlega og á hann að koma í stað styrkja fyrir minniháttar mál eins og nudd, sjúkranudd, sjúkraþjálfun, gleraugna-kaup og þess háttar. Þar fyrir utan geta félagsmenn nýtt eftirfarandi forvarnir:

- Blóðrannsókn
- Blettaskoðun
- Hjartarannsókn
- Krabbameinsskoðun kvenna
- Ristilskoðun karla eftir fertugt
- Laseraðgerð á augum
- Tæknifrjógvun
- Ættleiðing
- Útfararstyrkur

Þá er hægt að sækja um styrk ef félagsmaður verður fyrir verulegum kostnaði vegna heilsutengdra mála og



stjórn sjóðsins fer yfir hverja umsókn fyrir sig með hliðsjón af markmiði sjóðsins sem er að styrkja þau mál sem stuðla að því að gera félagsmönnum kleift að halda heilbrigðisvottorði sínu í lagi. Sótt er um á heimasíðu FÍA undir liðnum Sjóðir og réttindi.

Auk þessa greiðir sjóðurinn laun trúnaðarlæknis FÍA og stendur við bakið á Stofnefnd FÍA þegar á þarf að halda.

Trúnaðarlæknir FÍA er Hannes Petersen og þeim sem vilja komast í samband við hann er bent á að hafa samband við skrifstofu FÍA.

Flugmannatalið og saga félagsins



Minum á nýja flugmannatalið og sögu FÍA. Bækurnar eru fánlegar á skrifstofu Félags íslenskra atvinnuflugmanna í Hlíðarsmára 8.





EASA boðar lélegri öryggisstaðla í flugi

- Flugöryggisstofnun ESB birtir drög að ófullnægjandi reglum um vinnutíma flugáhafna

Flugöryggisstofnun Evrópu EASA hefur nú birt nýjar tillögur að reglum er varða hámarks flugtíma og lengd vakta flugmanna. Reglunum er ætlað að draga úr áhættu sem fylgt getur þreytu flugmanna, vegna langra vinnuvakta og lítillar hvíldar. Tillögurnar taka ekkert tillit til vísindalegra niðurstaðna, en eiga að forða kostnaðarauka fyrir flugfélögin. Reglurnar eru langt undir þeim væntingum sem ætti að bera til trúverðugrar stofnunar ESB í flugöryggismálum. Verði þessum tillögum ekki breytt verulega, munu þær draga úr flugöryggi í Evrópu, einkum í þeim löndum þar sem fyrir eru í dag strangari reglur um vinnutímamörk flugáhafna.

bandið að koma fram með tillögur sem eru mun lakari öryggisstaðlar en annars staðar tíðkast.”

Þannig er útgefin stefna EASA um að „studla að hæstu öryggisstöðlum í flugi...“ í Evrópu og víðar, í hróplegu ósamræmi við tillögur þeirra um vinnutímamörk flugmanna. Tvö dæmi:

gegn hverskonar reglum sem gætu aukið kostnað. Ég tel óvíst að farþegar flugfélaganna séu sama sinnis.”

Ef bornar eru saman vinnutíma-reglur flugáhafna í Bretlandi og hinar nýju tillögur EASA kemur í ljós sláandi munur. Miðað við hinar nýju tillögur gæti flugmaður byrjað vinnudag kl. 05:30 að morgni, flogið

Tillögur EASA	Tillögur FAA	Vísindalegar niðurstöður:
Dagvinna:		
Hámark 14 klst	Hámark 13 klst	Hámark 12 klst
Næturvinnna (byrjar á miðnætti)::		
Hámark 12 klst	Hámark 9 klst	Hámark 10 klst
-7 daga í röð	- 3nætur í röð	-takmarkaður fjöldi náttu
<i>Til upplýsingar:</i>		
<i>Vinnutímabámark Evrópusambandsins fyrir vörubílstjóra er 9 klst að degi og 10 klst að nóttu.</i>		

“Tillögur EASA (flugöryggisstofnunarinnar) eru meira en bara vonbrigði” segir Martin Chalk forseti ECA. “Stofnunin hefur í á annað ár undirbúið drög að nýjum reglum um vinnutímamörk flugáhafna. Stofnunin hafði einstakt tækifæri til að koma nú fram með skýra stefnumörkun, byggða á vísindalegum niðurstöðum með flugöryggi í forgrunni. Vinnutímareglur í takt við það sem Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) hefur lagt til og einnig þær sem verið hafa lengi við lýði í Bretlandi og gefist afar vel. Í stað þess að horfa til slíkra viðmiða velur Evrópusam-

„Vinnutímamörk eiga að taka mið af mannlíkamanum og takmörkunum líkamsklukkunnar. EASA virðist hins vegar halda því fram að flugmenn í Evrópu þoli betur þreytu og geti unnið lengur en flugmenn í Bandaríkjunum og meira heldur en niðurstöður vísindamanna segja að sé innan öryggismarka“, segir Philip von Schöppenthau framkvæmdastjóri ECA. “Tillögurnar taka ekkert tillit til margra áratuga vísindarannsóknna. Hvers vegna? Vegna áralangs þrýstings (lobbúsma) flugfélaganna

4 leggi (4 flugtök og 4 lendingar) og lokið vaktinni kl. 18:15, þ.e. eftir 12 klst og 45 mínútur. Samkvæmt breskum reglum, sem um 20% flugumferðar í Evrópu vinnur samkvæmt, er hámarks vinnutími í þessu dæmi 9 klst.



ECA, sem í eru nærri 39 þúsund flugmenn í Evrópu, hafnar þessum tillögum EASA alfarið. Er því beint til stofnana ESB að taka mið af vísindaniðurstöðum þegar settar eru reglur um vinnutímamörk og umfram allt tryggja öryggi flugfarþega.

Flugið komið út

Tímaritið Flugið er nú komið út, um er að ræða veglegt rit að vanda, 68 blaðsíður fullar af efni, viðtöl tæknigreinar og annað skemmtiefni. Blaðinu hefur verið dreift til áskrifenda en verður ekki sett í lausasölu fyrr en í byrjun janúar. Þeir sem hafa áhuga á að sækja um áskrift að blaðinu er bent á heimasíðu Flugsins, www.flugid.is



Frekari upplýsingar veita; P. von Schöppenthau framkvæmdastjóri ECA s: +32-2-7053293 Martin Chalk forseti ECA í s. +44 7867.556.988 Franz Ploder formaður FÍA í s. +354 822 7260 Einnig eru frekari upplýsingar á vefnum: <http://www.eurocockpit.be/pages/flight-time-limitations>